

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Kjóastaðir II í Biskupstungum, ferðaþjónusta bænda.

Breyting er heimiluð á deiliskipulagi fyrir asísk tjöld í landi Kjóastaða II sem felur í sér að gert verði ráð fyrir salernisaðstöðu í hverju tjaldi sem ekki var upphaflega. Auk þess verður byggingarreitur undir aðstöðuhús stækkaður og færður til og er nú heimilað allt að 100 m² aðstöðuhús fyrir salernisaðstöðu og sturtur í stað 50 m² áður.

Samþykkt í sveitarstjórn 24. janúar 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 20. febrúar 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 6. mars 2019